

EYSTRAHORN

27.tbl. 41. árgangur

24.ágúst 2023

www.eystrahorn.is



TOPPHÓLL SÉÐUR MEÐ AUGUM SJÁLFBÆRNI

Steinarnir tala

Í síðasta mánuði var mikil fjölmiðlaumræða um álfakirkuna í Toppból í Hornafirði. Ekki virðist vera hægt að bjarga stuðlabergshólnum því nýr vegur mun liggja yfir hólinn og verður hann sprengdur í loft upp.

Bæjarstjórn Hornafjarðar harnar ákvörðun Vegagerðarinnar enda hefur hann mikið tilfinningalegt gildi fyrir marga Hornfirðinga og ferðamenn. Trú á álfa, huldufólk og tröll hefur verið hluti af sjálfsmynd Íslendinga.

Vegagerðin segir að ekki sé hægt að hnika veginum, ábendingin hafi komið of seint, því fylgi aukinn kostnaður og verkið tefjist. Ferlið við vegalagninguna hefur tekið fimmtán ár og einhver hefur sofnað á verðinum.

Völván Ísvöld Ljósbera nær kjarnanum í umræðunni en hún mótmælti aðförinni: „Álfatrú er hluti af okkar þjóðarhjarta. Hún er dýrmæt og komandi kynslóðir eiga skilið að fá að upplifa hana líka.“ Hvað ætla hornfirskir leiðsögumenn að sýna ferðamönnum eftir hundrað ár þegar jökullinn verður nær horfinn, ishellarir og Toppból? Álfasögunar horfnar og tengslin við landið.

Þá verða sagðar sögur af sprengdum álfaborgum rétt eins og úkraínskir leiðsögumenn munu segja um borgirnar Bakmut og Mariupol. Pútin er víða.

Tröllið Þorlákur

Þegar umræðan um Toppból var í hámarki, var ég staddur í sumarbústaðalandi í Álfasteinssundi í Grímsnesi og þar er steinn, Þorlákur heitir hann eftir tröllkarli sem varð að steini þegar sólin kom upp. Vegagerðarmenn fundu sniðuga lausn, lögðu veg er beggja vegna Þorláks og virðist hann vera nokkuð sáttur og sagan lifir. Hornfirðingar höfðu gæfu að bjarga vatnstanknum á Fiskhól frá niðurrifi á síðustu öld og er hann orðinn tákn fyrir staðinn. Ekki er hægt að bjarga Toppból með þessari sniðugu lausn.




Hér var ekki sprengt með dínamíti, heldur fundin lausn. Allir sáttir, ferðamenn, álfa, tröll, leiðsögumenn, framkvæmdaraðilar og aðrir hagaðilar. Virðing er lykilorðið!

Sjálfbærni

Sjálfbærni og sjálfbær þróun eru lykilhugtök fyrir framtíð jarðar og velsæld okkar og komandi kynslóða. Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta sínum þörfum. Hugtakið byggir á þremur stöðum, náttúru og umhverfi og hinar stöðirnar eru efnahagslíf og samfélagslegir þættir s.s. jafnrétti, heilsa, velferð og menning. Þessar þrjár stöðir tengjast innbyrðis og spila saman.

Þegar Toppból er skoðaður með augum sjálfbærni, þá erum við, freka kynslóðin búin að stroka Toppból út af hinu rómaða skafftellska landslagi og skemma allar álfasögurnar sem hefðu fylgt fyrir næstu kynslóðir. Peningarnir hafa trompað umhverfið og samfélagið, þeir ráða því miður oftast ferðinni.

En til að bæta okkur í sjálfbærni, þá skora ég á bekkjarbróður minn, hugvitsmanninn Einar Björn Einarsson sem rekur Jökulsárlón með myndarbrag að taka stórt skref í orkuskiptum. Skipta út jarðefnaeldsneyti á bátáflotanum á



Lóninu sem fyrst en Einar veit hvað er best, allt gangverk lifnar við í höndunum á honum. Vetni, metanól, rafmagn, repjuolía, ammóníak, lífdísill eða etanól. Allt er þetta betra en mengandi olía sem er að steikja okkur.

Þegar stór aðili tekur stóra skrefið í sjálfbærni, þá sendir hann jákvæð skilaboð til allra í hinni mengandi ferðabjónustu og verður góð fyrirmynd í umhverfismálum og fleiri fylgja á eftir.

Það að vera sjálfbær snýst því um að búa til félagsleg og efnahagsleg kerfi sem eru ekki skaðleg náttúrunni og tryggja þannig lífsgæði okkar og framtíðarkynslóða.

Sigurpáll Ingibergsson



SANDBAKKI 1

Björt eign með fallegu útsýni.
Tilvalin fyrstu kaup.

- 51,2 fm.
- 2 herb.
- Fjölbýli

Verð: 25,9 millj.



HLÍÐARTÚN 29

Einbýlishús á tveimur hæðum.
Fallegt útsýni að Vestrahorni.

- 265 fm.
- 8 herb.
- Einbýli

Verð: 67 millj.



HÖFÐAVEGUR 13

Vel skipulögð sérhæð í
notalegu þrjúbýli.

- 60,6 fm.
- 3 herb.
- Fjölbýli

Verð: 32 millj.



HEIÐARBRAUT 3

Fallegt einbýlishús með bílskúr.
Glæsilegur garður í góðri rækt.

- 209,2 fm.
- 6 herb.
- Einbýli

Verð: 75 millj.



SANDBAKKI 16

Raðhús á tveimur hæðum.
Pallur til austurs og vesturs.

- 107,7 fm.
- 3 herb.
- Raðhús

Verð: 43 millj.

Sólveig Regína Biard

Löggiltur fasteignasali

869-4879

solveig@trausti.is



Vegmúla 4, 108 Reykjavík

546-5050

www.trausti.is



Hafid
CAFE & BAR

SIBBI & Á HAFINU 26
ÁGÚST KL 23:00
AÐGANGSEYRIR 500 KR.

SAMSÖNGUR, OPEN MIC OG TAUMLAUS
GLEÐI.

SIBBI MÆTIR MEÐ SÖNGBÆKUR SVO ÚR
VERÐUR GLIMRANDI GÍTARPARTÝSTEMNING.

MÍKRAFÓNINN VERÐUR OPIN FYRIR ÞÁ SEM
VILJA TAKA LAGIÐ

SIBBI KALLAR SIG SIBBI & ÞVÍ HONUM FINNST
GAMAN AÐ SPILA MEÐ ÖÐRUM SVO EF ÞAÐ ER
ÁHUGASAMUR TROMMARI EÐA BASSALEIKARI
SEM VILL TROÐA UPP MEÐ SIBBA, ENDILEGA
HAFIÐ SAMBAND VIÐ HAFIÐ

GLEÐIN BYRJAR UM 23 HELDUR ÁFRAM EINS
LENGI OG STUÐ VERÐUR Í KOFANUM.

SJÁUMST HRESS Á HAFINU

NÝR SAMSTARFSSAMNINGUR NÝHEIMA OG SASS

Nýheimar þekkingarsetur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafa frá árinu 2016 átt í samstarfi um hlutverk atvinnuráðgjafa og verkefnastjóra fyrir SASS þvert á landshlutann. Hefur Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir verkefnastjóri í Nýheimum sinnt þeim hlutverkum frá upphafi. Nú í sumar var skrifað undir nýjan samstarfssamning milli Nýheima og SASS sem felur fyrst og fremst í sér þær breytingar að hann nær nú einvörðungu til Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Starfsmenn Nýheima munu sinna hlutverki byggðapróunarfulltrúa í Hornafirði. Samfara þessum breytingum hefur Guðrún Ásdís ráðið sig til starfa sem verkefnisstjóri og kynningarfulltrúi hjá SASS.

Hlutverk byggðapróunarfulltrúa

Með nýjum samningi verða til hlutverk byggðapróunarfulltrúa á hverju atvinnusóknarsvæði, sem eru sjö talsins á Suðurlandi, þar sem Hornafjörður er skilgreint sem eitt atvinnusóknarsvæði. SASS vill með þessum breytingum leggja meiri áherslu á hvert og eitt atvinnusóknarsvæði. Markmiðið er að stuðla að jákvæðri byggðapróun á hverju svæði, út frá áherslum og áskorunum þeirra. Hlutverk byggðapróunarfulltrúa eru m.a. ráðgjöf og handleiðsla í tengslum við atvinnuþróun, nýsköpun og menningarmál, upplýsingamiðlun og öflun upplýsinga á hverju svæði fyrir sig. Byggðapróunarfulltrúar verða jafnframt fulltrúar og ráðgjafar Uppbyggingarsjóðs á sínum svæðum og sinna því samskiptum

við umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Leggur SASS til fjármagn til starfs byggðapróunarfulltrúa á hverju svæði fyrir sig í samstarfi við Byggðastofnun.

Kristín Vala Þrastardóttir verkefnastjóri og Hugrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður setursins munu sinna hlutverkum byggðapróunarfulltrúa og þar með ráðgjöf á svæðinu og verða þær til taks á skrifstofum sínum á Vesturgangi Nýheima. Einnig má hafa samband með tölvupósti á hugrunharpa@nyheimar.is eða kristinvala@nyheimar.is Nýheimar þekkingarsetur þakkar Guðrúnu Ásdísi fyrir vel unnin störf á síðustu árum og óskar henni alls hins besta.



MÁLFRÍÐUR MALAR

Mikið óskaplega er ég orðin þreytt á öllum þessum ferðamönnum sem heimsækja okkar fallega sveitarfélag. Mér er farið að líða eins og mér sé ofaukið hér. Að reyna að komast í apótek, til læknis, með bílinn í tékk á verkstæði og í einu verslunina á staðnum til að ná mér í mat er orðið frekar erfitt. Hvert sem litið er, þar eru gestir. Matsölustaðir og sjoppur eru ekki undanskyldar. Hvað er að fréttu af nýju matvöruversluninni sem búin er að vera í umræðunni í sveitarfélaginu? Hvenær á að fara að gera eitthvað til að auka eða bæta við þjónustu/verslun hér á Höfn? Til að gera lífið hér bærilegra fyrir mig og aðra heimamenn sem er eins innanbrjóst og mér þá eru hér áhugaverðar hugmyndir/lausnir:

- Við setjum upp ferðamannaeftirlit við fyrrverandi pípuhlið! Stoppum þar allra ferðamenn og forvitnumst hvað þeir ætla að gera hér á Höfn, hvað þeir hafa hugsað sér að versla í Nettó, hvar þeir ætla að borða o.s.fr. Þeim er svo tilkynnt að þeir geti sótt

vörurnar sínar í Nettó eftir 2 daga því það tekur minnst 1 dag að flytja þær frá Rvk. Með þessu móti tæmist verslunin ekki og það verður ekki allsherjar kraðak þar af fólki sem þvælist um fyrir manni.

- Við tökum aftur upp skömmtunarseðla eins og var hér í denn. 1 mjólkurpottur á dag, 500 gr. skyr, 900 gr. kjúklingarbringur o.s.fr. Með þessu móti fá allir eitthvað að borða og ég trúi ekki öðru en að skömmtun valdi því að matarsóun minnkar um 70% að minnsta kosti.

Að öllu gamni slepptu þá þarf eitthvað að gerast hér varðandi verslun og þjónustu ef við ætlum að taka á móti öllum þessum ferðamönnum. Ekki má svo gleyma okkur heimamönnum í öllum þeim fjölda ferðamanna sem hér kemur í stutta heimsókn – við erum lífæðin í sveitarfélaginu og eigum rétt á fullri og helst óskertri þjónustu í bænum sem við elskum, däum og búum í... og greiðum álögur okkar til.



ORÐALEIT

GAMALL
 POKI
 RÓSAVÍN
 AFGREIÐSLUBORÐ
 SÁPUKÚLA
 SJÁLFRENNIREIÐ
 FINGUR
 KIND
 STAFUR
 BLAÐ
 TE
 KASMÍR
 NÁTTFÖT



Lumar þú á grein eða áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA



Nú fer senn að líða að sumarlokum og því kjörið að fara að huga að haust og vetrarstarfinu hjá félaginu.

Byrjum á að hittast í handavinnu, spil og spjall á miðvikudögum eftir hádegi. Svo finnum við upp á einhverju skemmtilegu þegar líður á haustið. Komið endilega með tillögur

Svo minnum við á Fésbókarsíðu félagsins sem er opin félagsmönnum

Allir saman nú og höfum gaman saman



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
 Útgefandi: Eystrahorn ehf.
 Rítstjóri og ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
 Netfang: arndis@eystrahorn.is
 Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
 Prentun: Litlaprent
 ISSN 1670-4126

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Mánudags-þorskur í mangó eftir Sonju Gardarsdóttur og Arnar Þór Jónsson

Takk fyrir frábæra sendingu Ólöf og Gunnar. Hugmynd okkar er að vera með mánudags-þorsk í mangó. Uppskriftin miðast við c.a. 4 manneskjur. Með þessu eru að sjálfssögðu nýjar smjörsteiktar kartöflur og ferskt salat með appelsínu dressingu.



Aðferð

Fiskur:

Þorskur (má vera ýsa) : 700 g

- Fiskurinn er skorinn í bita og velt upp úr hveiti, létt steiktur upp úr íslensku smjöri og dass af ólífuoilíu og kryddaður síðan með aromati.

- Fiskurinn settur í eldfast mót, mango chutney er smurt yfir hvern og einn bita fyrir sig (ekki of lítið en ekki of mikið). Því næst er sett sneið af osti á hvern bita.

Jukk:

Steikjum saman upp úr smjöri c.a. 3 stóra sveppi (fín saxaða)

- 1/2 meðalstór laukur, dass af hvítlaukssalti (dufti)

- Því næst er þetta (JUKK) sett ofan á hvern og einn fiskibita

- Síðan er fiskurinn settur inn í ofn í 10 mín á 170°C

Kartöflur:

- Skornar niður í tenginga og steiktar upp úr íslensku smjöri

Salat:

- Salatblanda

- rauðlaukur

- vínber

- Sólþurrkaðir tómatar

- trönuber

- Skera niður 1/2 epli í tenginga

Dressing yfir salat:

- 1 msk sýrður rjómi

- 4 msk mayonnaise

- Fyrst er hrært sýrðum rjóma og mayonnaise saman.

- dass egils þykkni - smakkast til.

Verði ykkur að góðu

- Við hendum boltanum yfir götuna á Kollu og Inga, við vitum að það er ýmislegt brallað í eldhúsinu á því heimili :D

SPURNING VIKUNNAR

Er guð kona?



Friður Hilda Hafsteinsdóttir
Guð er það sem þú vilt að það sé



Ramiz Visoka
Við vitum það ekki, það er hvergi skrifað í neitt trúarit



Milica Stjepanovic
Getur verið það



Jónína Björk Guðjónsdóttir
Veit það einhver?

Lifandi vafn
Lifandi trú og trúarlegur lífi

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ FLOKKUM TIL AÐ SJA ÞIG.

Jesús segir:
Ei nekkurn hýstir þá komi barn
til mín og drekki.
Ei hefur þess sem tróir á mig
munu renna
bakir lífandi vatni

Instagram Facebook

HOFSKIRKJA

Sumarmessa
Sunnudaginn 27 .ágúst
kl.20:00

Verið öll hjartanlega
velkomin.

STEFÁN INGUAR
SÖNSKEKKJA
UPPISTAND

25. ágúst
Mikligarður
Vopnafirði

26. ágúst
Tehúsið
Egilsstöðum

27. ágúst
Hafið
**Höfn í
Hornafirði**



MIDASALA



MIDIX.IS